

Markaðssetning, uppsetning og eftirlit.

Til hliðsjónar eru reglur um þrýstibúnað nr. 571/2000, reglugerð um öryggisráðstafanir við frystihúsum og búnaði í frystihúsum. nr. 12/1965, reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, REGLUGJÖRÐ nr. 10/1929 um eftirlit með verksmiðjum og vélum, reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga.

Efnisþáttur – atriði	Viðmið - athugasemdir	Mat: V: Í lagi X: Ekki í lagi 0: Á ekki við	Tilvisun í reglugerðir:
1. Markaðssetning	Heimilt er að markaðssetja búnað sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 571/2000.		Rg-571/2000, 2. gr.
2. Undanþágur vegna vörusýninga	Sýna má þrýstibúnað og samsetningar m.a. á kaupstefnum og vörusýningum þó hann uppfylli ekki ákvæði reglugerðarinnar enda sé það tekið fram.		Rg-571/2000, 2. gr.
3. Skilyrði og staðlar	Þrýstibúnaður sem einkenndur er með CE-merki með EB-samræmisýfirlýsingu telst fullnægja ákvæðum reglugerðarinnar. Þegar þrýstibúnaður hefur verið framleiddur í samræmi við samræmdan staðal skal ganga út frá því að hann uppfylli viðeigandi grunnkröfur.		Rg-571/2000, 5. gr.
4. Flokkun þrýstibúnaðar	Þrýstibúnaður flokkast eftir þeim miðli sem í honum er og rúmmáli hylkja / þvermáli röra. Einnig þarf að taka tillit til tæknilegra krafna. <u>Flokkar þrýstibúnaðar eru 5.</u> Þrýstibúnað og/eða samsetningar undir eða við mörkin sem mælt er fyrir um í 3. gr., 1.1., 1.2. og 1.3. og 2. lið skal hanna og framleiða í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði til að tryggja örugga notkun. (sjá gr.3.3) Flokkur I framleiddur eftir aðferðareiningu A. Flokkar II til IV eru framleiddir eftir aðferðareiningum A1 til H. Úttektir og eftirlit með framleiðslu og uppsetningu í þessum flokkum skal vera í höndum tilkynnts aðila (notified body). Tilkynntur aðili (notified body) þarf að taka út þrýstibúnað í flokkum II til IV.		Rg-571/2000 3. gr. og skýringarmyndir viðauka II. 3. gr. málsg. 1.1, 1.2 og 1.3 3. gr. málsg. 3. III viðauki
5. Samræmismat	Áður en þrýstibúnaður er settur á markað skal fara fram samræmismat á honum skv. III viðauka.		Rg-571/2000 7. gr.
6. Heildar-samræmismat	Áður en þrýstibúnaður er settur á markað skal fara fram heildarsamræmismat á samsetningum hans og skal matið miðast við hæst flokkaða búnaðinn.		Rg-571/2000 7. gr. 2 málsg.
7. Samræmisýfirlýsing og CE-merking	Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal m.a. semja EB-samræmisýfirlýsingu og sjá til þess að hvert eintak af þrýstibúnaðinum sé einkennt með CE-merki.		Rg-571/2000, Viðauki III og Viðauki VII.
8. Tilkynntir aðilar	Faggildingarsvið Einkaleyfastofu annast mat á þeim aðilum sem óska eftir að sjá um samræmismat. Þeir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru fram í IV. viðauka um tilkynnta aðila.		Rg-571/2000, 9. gr.
9. Áhættumat	Við hönnun og framleiðslu búnaðar skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans sjá til þess að unnið sé áhættumat fyrir búnaðinn. Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé áhættumat á vinnustaðnum þar sem búnaðurinn er notaður.		Rg-571/2000, I. viðauki. Bráða-birgðathuganir 3 málsg. Rg-920/2006, 27. gr.

10. Skilyrði um öryggi	Tryggja skal að búnaðurinn ógni ekki heilsu og öryggi manna. Annars er markaðssetning óheimil. Atvinnurekandi skal tryggja að búnaðurinn hæfi því verki sem inna skal af hendi þannig að öryggi og heilsu sé ekki hættu búin.		Rg-571/2000, 2. gr. Rg-367/2006, 5. gr.
11. Þrýstiprófun	Í lokamati á þrýstibúnaði skal felast prófun á þrýstingsinnilokun (þrýsti- eða þéttleikaprófun).		Rg-571/2000, Viðauki 1 grein 3.2.2 og gr 7.4
12. Sérstök áhætta	Þegar ekki er að fullu hægt að tryggja að starfsmenn geti notað tæki án áhættu skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr henni eins og kostur er. <ul style="list-style-type: none"> Þegar líkur eru á að notkun tækis hafi í för með sér sérstaka áhættu fyrir öryggi eða heilsu skal atvinnurekandi tryggja að notkun tækis, sé einungis á hendi starfsmanna sem falin hefur verið notkun þess og hlotið hafa viðeigandi þjálfun. Umhirða og viðhald sé á hendi þeirra starfsmanna sem sérstaklega eru þjálfaðir til þess. 		Rg-367/2006, 5. og 6. gr. Rg-920/2006, 25. gr.
13. Skriflegar leiðbeiningar	Öllum þrýstibúnaði skulu fylgja leiðbeiningar á íslensku þegar þær eru settar á markað eða teknar í notkun hér á landi.		Rg-571/2000, viðauki I, gr 3.4.
14. Þjálfun starfsmanna	Atvinnurekandi skal veita nauðsynlegar upplýsingar um notkun tækja og sjá til þess að starfsmenn fái kennslu og þjálfun til að geta sinnt sínum störfum þannig að ekki stafi hættu af.		Rg-920/2006, 25. gr. Rg-367/2006, 7. og 8. gr.
15. Aldurstakmarkanir	Ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna við hættulegar vélar, tæki og búnað.		Rg-426/1999 um vinnu barna og unglinga. viðauki 1A
16. Óréttmætar CE-merkingar	Komist Vinnueftirlit ríkisins að því að CE-merki hafi verið sett með óréttmætum hætti á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan EES skylda til að sjá til þess að varan samræmist ákvæðum um CE-merkingar og að því brotlega athæfi sé hætt samkvæmt skilyrðum sem Vinnueftirlitið setur.		Rg-571/2000, 12. gr.
17. Innra eftirlit fyrirtækis með tækjum og búnaði	Atvinnurekandi skal þegar við á sjá til þess að tæki séu skoðuð eftir uppsetningu. Jafnframt skulu gerðar reglulegar skoðanir og prófanir til að tryggja öryggi við notkun þeirra auk skoðana eftir slys, óhöpp og breytingar. Skoðanirnar skulu framkvæmdar af aðila sem hefur til þess næga þekkingu. Halda skal skrá um innra eftirlit með tækjabúnaði.		Rg-367/2006, 10. gr.
18. Ytra eftirlit	Kettilkerfi: Vinnueftirlitið hefur árlegt eftirlit með kettilkerfum og 4. hvert ár er framkæmd stórskoðun. Sjá nánar sértækan vinnuumhverfissvísi og gátlista fyrir kettilkerfi. Kælikerfi: Eftirlit skal vera í höndum samþykktra aðila. Það skal fara fram á 6-12 mánaða fresti, sjá gr 17-1 til 17-2. Halda skal véladagbók hjá fyrirtækinu um þessar skoðanir og þær staðfestar með undirskrift þess sem framkvæmir skoðunina Sjá nánar sértækan vinnuumhverfissvísi og gátlista fyrir kælikerfi. Annar búnaður: Sjá nánar sértækan vinnuumhverfissvísi og gátlista fyrir kælikerfi.		Rg-10/1929 49 gr og 57 gr Rg- 12/1965 17 gr.